

1501011



**Rangárþing ytra**  
b.t. Agústs Sigurðssonar sveitarstjóra  
Suðurlandsvegi 1  
850 Hellu

Selfossi, 19. október 2015

**Varðar: Framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands**

Markaðsstofa Suðurlands færir sveitarstjórn Rangárþings ytra þakkir fyrir þann mikilsverða stuðning sem falinn er í samstarfssamningi við sveitarfélagið undanfarið ár. Stuðningurinn hefur verið okkur afar mikilvægur og gert okkur kleift að efla enn frekar það góða samstarf sem tekist hefur á Suðurlandi um markaðssetningu og kynningu á svæðinu.

Þar sem núverandi samningur milli Sveitarfélagsins Rangárþings ytra og Markaðsstofu Suðurlands rennur út um næstu áramót er þess hér með farið á leit að samningurinn verði endurnýjaður til næstu 2ja ára.

Framlag til reksturs hennar hefur svarað til 360 króna á hvern íbúa, en óskað er eftir að sú krónutala hækki m.a. til að koma til móts við aukinn kostnað sem fylgir verkefnum eins og stefnumörkun og þéttara samstarfi innan landshlutans sem og verðlagsþróun og verði því **430 krónur á hvern íbúa**. Rétt er að taka fram að sú upphæð er í lægri kantinum miðað við framlög sveitarfélaga til markaðsstofa í öðrum landshlutum.

Markaðsstofan hefur nú verið starfrækt á sjöunda ár og er samstarfsverkefni sveitarfélaga og atvinnulífsins á svæðinu. Markaðsstofan hefur átt í góðu samstarfi við ferðapjónustuaðila á Suðurlandi og eiga nú um 185 fyrirtæki aðild að stofunni og taka þátt í starfi hennar. Þónokkur fjölgun hefur orðið á samstarfsfyrirtækjum okkar ár frá ári og stefnan er að fjölga þeim enn frekar á næstu mánuðum og árum. Það styrkir baklandið og fjárhagslega getu okkar til að gera enn betur á komandi misserum.

Auk sveitarfélaganna kemur ríkið að reksti Markaðsstofunnar með fjárframlagi í gegnum Ferðamálastofu, sem er einnig einn helsti samstarfsaðili markaðsstofa landshlutanna. Allt markaðsstarf verður bæði trúverðugra og markvissara ef unnt er að skipuleggja það til lengri tíma og teljum við því afar mikilvægt þegar kemur að því að endurnýja samstarfssamninga við sveitarfélögin á Suðurlandi að þeir verði framlengdir til lengri tíma til að tryggja það starf.

Endurnýjun samninga við sveitarfélögin á Suðurlandi gera okkur kleift að vinna að langtímaáætlun um kynningu á landssvæðinu sem og víðtækri samvinnu við Ferðamálastofu, Íslandsstofu og innlandar og erlendar ferðaskrifstofur og fleiri.

**Eftirfarandi eru nokkur af þeim verkefnum sem við höfum verið og erum að vinna að:**

2. Vinna við greiningu og stefnumótun Suðurlands sem áfangastaðar og einstakra svæða innan þess. Er sú vinna í fullum gangi og er reiknað með að fyrstu niðurstöður þeirrar greiningar verði kynntar fyrir lok árs. Mun vinnan taka mið að nýjum Vegvisi í Ferðapjónustu og niðurstaðan nýtast Markaðsstofunni, sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum hennar til markvissari markaðssóknar fyrir svæðið, með betri nýtingu fjármuna að leiðarljósi.
3. Áframhaldandi vinna og utanumhald vegna samstarfshóps um ferðamál á Suðurlandi. Í nýlegri stefnumótunarvinnu Markaðsstofunnar kom fram krafa um aukið upplýsingaflæði sem og að skipting ábyrgðar og verkefna milli aðila í stoðþjónustu ferðapjónustunnar á Suðurlandi yrði betur skilgreind. Er samstarfinu m.a. ætlað að auka upplýsingaflæði milli aðila og hefur hópurinn gripið til ýmissa leiða til að svo megi verða. Með vel skilgreindri ábyrgð og skiptingu verkefna sem og góðu samstarfi erum við sterkari sem heild til að vinna að framgangi og eflingu ferðamála á Suðurlandi.



4. Áframhaldandi vinna við uppfærslu og þróun **nýju síðunnar [www.south.is](http://www.south.is)** þar sem heimsóknir hafa aukist til muna með tilkomu nýja vefjarins. Áframhaldandi stöðug vinna við samfélagsmiðla Markaðsstofunnar; Facebook, Instagram, Youtube og fleiri.
5. **Útgáfa á kynningarefni.** Í haust gáfum við í sjöunda sinn út heildstæða ferðahandbók fyrir landshlutann, sem telur nú um 210 síður. Aðilum Markaðsstofunnar hefur jafnt og þétt fjölgað á síðustu árum og fá þeir góða listun í handbókinni. Á síðasta ári var farið í þá breytingu að hafa kort af helstu þéttbýlisstöðum á Suðurlandi samhliða umfjöllun um þá til að auðvelda gestum að rata um og nýta þá þjónustu sem í boði er á þessum stöðum. Heildarkostnaður vegna þessa verkefnis er áætlaður um 4 milljónir króna.
6. **Ýmiss konar markaðs- og kynningarkostnaður**, þ. á m. markaðssetning á internetinu, gegnum samfélagsmiðla, leitarvélar, móttaka erlendra og innlendra ferðaheildsala og blaðamanna. Kostnaður er áætlaður um 2,5 milljónir króna.
7. **Þátttaka í ferðasýningum**, heima og erlendis, þ. á m. á Mid Atlantic sem og nýafstaðin ferðasýningin Vest Norden í Færeyjum. Áætlaður kostnaður er 1,0 millj. kr.
8. **Ýmis vinna við kynningarátak fyrir íslenska ferðasala**, sem hingað til hefur verið m.a. í formi kynningaferða um svæðið, þar sem þeim er boðið í heimsókn til ferðaþjónustufyrirtækja. Þá á verður **Mannamót** haldið í þriðja sinn 21. janúar 2016, þar sem m.a. Sunnlenskum fyrirtækjum gefst kostur á að taka þátt með litlum tilkostnaði.
9. Markaðsstofa Suðurlands hefur tekið og tekur að auki þátt í hinum ýmsu **samstarfsverkefnum**. Sem dæmi má nefna:
  - Inspired By Iceland
  - #AskGudmundur herferðin
  - Upplýsingagjöf til ferðamanna í Leifsstöð
  - Suðurlandskynningu/blaðauka í Atlantica/Iceland Reviewog fleiri.

Til glöggvunar er hjálögð skýrsla um starfsemina síðustu mánuði sem og ársuppgjör fyrir árið 2014.

Markmið Markaðsstofunnar er að auka veg ferðaþjónustunnar á Suðurlandi með því að laða gesti til landshlutans sem hafa áhuga á því sem hann hefur uppá að bjóða. Þá er markmiðið að fá gesti til að dvelja á Suðurlandi og ferðast vítt og breytt um svæðið. Með því að vinna að sameiginlegum að hagsmunum ferðaþjónustunnar á Suðurlandi getur stefnumörkunin verið skýrari og slagkrafturinn meiri.

**Það er trú okkar að einn helsti vaxtarbroddurinn í atvinnulífi á Suðurlandi sé fólgin í frekari vexti og viðgangi ferðaþjónustu á svæðinu sem heilsárs atvinnugreinar. Það er því von okkar að sveitarstjórn Rangárbings ytra fallist á tillögu okkar um að styðja við frekari framþróun á þessu sviði með því að framlengja núverandi samstarfssamning til ársloka 2017.**

Að lokum viljum við benda á að samstarf, hagsmunagæsla og samvinna við aðra landshluta er og verður mikilvægur þáttur í störfum Markaðsstofunnar enda sameiginlegir hagsmunir landsbyggðarinnar að efla og treysta ferðaþjónustuna á landinu öllu í samstarfi við Ferðamálastofu og ráðuneyti ferðamála sem og nýstofnaða stjórnstöð ferðamála.

Þá óska fulltrúar Markaðsstofu Suðurlands eftir því að fá að koma og kynna starfsemina nánar fyrir fulltrúum sveitarfélagsins og hvaða ávinningur fylgir þátttöku í stofunni.

F.h. Markaðsstofu Suðurlands

  
Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri

Markaðsstofa Suðurlands





## Markaðsstofa Suðurlands Framvinduskýrsla maí – ágúst 2015

### #AskGudmundur herferðin

Í maí var herferðinni #AskGudmundur hrint af stað á vegum Íslandsstofu. Er herferðin hluti af InspiredByIceland verkefninu.

Markaðsstofan kom að herferðinni með ýmsum hætti m.a. með skipulagningu, aðstoð við val á tökustöðum, upplýsingagjöf og fleira sem við kom undirbúningi og framkvæmd.

Þá tók Markaðsstofan á mótí tveimur blaðamönnum, Holly Fink og Mareike Hasenbeck, ásamt fulltrúa PR stofunnar Brooklyn Brothers í tengslum við herferðina, skipulagði og bauð þeim í ferð um svæðið í samstarfi við aðildarfyrirtæki.

Meðal umfjallana sem fengust í kjölfarið á þeirri ferð eru:

Holly Fink - Freelancer/ Huffington Post

[http://www.huffingtonpost.com/findery/exploring-fire-and-ice-in\\_b\\_7796432.html](http://www.huffingtonpost.com/findery/exploring-fire-and-ice-in_b_7796432.html)

<http://www.huffingtonpost.com/news/europe-travel/>

<http://www.gogirlfriend.com/reviews/south-iceland-travel-adventure-30550>

<http://theculturetrip.com/europe/iceland/articles/a-cultural-trip-to-iceland/>

<http://www.thisgirltravels.com/2015/06/01/eating-out-in-south-iceland/>

<http://www.familyvacationcritic.com/blog/index.php/2015/05/a-weekend-in-iceland-with-the-kids/>

<http://advise-trip.com/south-iceland-travel-adventure/>

Mareike Hasenbeck - Focus (DE)

Article titles "The Pleasure Country, Iceland", publication date of end of May/ June.



### Áfangastaðurinn Ísland – Markaðssetning, viðhorf og samstarf

Markaðsstofa Suðurlands og Íslandsstofa boðuðu til upplýsingafunda um samstarf og markaðssetningu áfangastaðarins Íslands í maí. Á fundunum fór Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður, ferðapjónustu og skapandi greina yfir hvernig markaðsstarf er unnið á erlendum mörkuðum á þessu

ári ásamt því að ný herferð „Ísland – allt árið“ var kynnt. Þá voru helstu niðurstöður nýrrar viðhorfs- og vitundarannsóknar um Ísland kynnt. Sjá má skýrsluna [hér](#).

Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands kynnti áherslur Markaðsstofunnar í markaðssetningu og samstarfi þar sem til umræðu var mikilvægi samstarfs milli allra hagsmunaaðila á svæðinu, ný stefna MSS, skiptingu á áherslum mismunandi hagsmunaaðila í hringnum um markaðssetningu áfangastaðar ásamt því sem framundan er hjá MSS.

Góð mæting var á fundina og sköpuðust skemmtilegar umræður.

## Stefnumót við ferðapjónustuna í Rangárþingi Eystra

Markaðsstofan, Rangárþing eystra og fyrirhugað Eldfjallasetur (Lava) á Hvolsvelli, boðuðu til örfunda um málefni ferðapjónustunnar í Rangárþingi eystra í maí.



Á fundunum sem báru heitið "stefnumót við ferðapjónustuna í Rangárþingi eystra" kynntum við m.a. nýjar áherslur Markaðsstofunnar ásamt því að eiga gott samtal við fundargesti. Ný Eldfjallamiðstöð á Hvolsvelli, LAVA, kynnti áform sín og Guðlaug Svansdóttir, markaðs- og kynningafulltrúi Rangárþings eystra fór yfir niðurstöður nýrrar könnunar um ferðamannastraum í sveitarfélaginu. Eftir stefnumót við ferðapjónustuaðila í Rangárþingi eystra buðu heimamenn í vel heppnaða heimsókn til ferðapjónustuaðila á svæðinu.



## Kynningaferðir um Suðurland

Markaðsstofan bauð í tvær kynningaferðir í byrjun júní, annars vegar um dreifbýli sveitarfélagsins Hornafjarðar og hins vegar um upp- og lágsveitir Árnassýslu með viðkomu í Rangárþingi ytra.

Markmiðið ferðanna er að kynna þá fjölbreyttu ferðapjónustu sem í boði er á Suðurlandi með sérstaka áherslu á að kynna það sem er nýtt á boðstólnum eða viðbætur við fyrri starfsemi.

Þá bauðst aðilum Markaðsstofunnar, sem ekki gafst kostur á að heimsækja, möguleiki á að kynna sína starfsemi fyrir gestunum í svokölluðum vinnustofum eða workshop. Þó nokkrir aðilar nýttu sér það tækifæri.


Ferðamálafulltrúar og fulltrúar klasa á svæðunum tóku þátt í báðum ferðunum sem gaf þeim gaf þeim aukið gildi. Veðrið var upp á sitt besta báða daganna og voru allir sammála um að ferðirnar hafi heppnast vel og almenn ánægja með heimsóknirnar.

Myndir úr ferðinni á Höfn er að finna [hér](#). Myndir úr ferðinni um upp- og lágsveitir Árnassýslu er að finna [hér](#).

## Samstarfshópur í stoðþjónustu ferðamála á Suðurlandi

Samstarfshópur í stoðþjónustu ferðamála á Suðurlandi hafa haldið áfram vinnu sinni í þágu ferðamála á svæðinu. Er það hluti af nýrri stefnumótun MSS að efla samstarf og upplýsingaflæði inná og milli svæða.

Hefur hópurinn m.a. unnið að því að skoða skiptingu ábyrgðar og verkefna milli aðila sem og að koma á samstarfi við hin ýmsu verkefni, t.d. móttöku gesta, blaðamanna og FAM hópa, þáttöku á sýningum og fleira.



Þá er þessu samstarfi m.a. ætlað að auka upplýsingaflæði milli aðila og heldur hópurinn úti sameiginlegri Facebook síðu ([www.facebook.com/markadsstofasudurlands](http://www.facebook.com/markadsstofasudurlands)) sem er ætlað að vera vettvangur fyrir upplýsingar um það sem um er að vera á Suðurlandi.

## Styrkumsókn – Markaðsgreining fyrir áfangastaðinn Suðurland

Markaðsstofan sótti um styrk til áhersluverkefnis Sóknaráætlunar. Verkefnið „Markaðsgreining og markaðsáætlun fyrir áfangastaðinn Suðurland“ er áframhald af verkefninu Suðurland allt árið.

Til að áframhaldandi markaðssetning á áfangastaðnum Suðurlandi verði markviss og skili tilætluðum árangri er mikilvægt að sú vinna byggist á greiningum og upplýsingum. Slík greining hefur ekki verið unnin fyrir landshlutann og hefur Markaðsstofan því hug á að láta vinna slíka greiningu sem mun nýtast henni á áframhaldandi markvissri markaðssetningu sem og hagsmunaaðilum hennar í ferðapjónsutu og stoðþjónustunni á svæðinu.

Verkefnið skiptist í tvo hluta; greiningu og áætlunargerð.

Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að leggja grunn að miðaðri og samhæfðri markaðssetningu á áfangastaðnum Suðurlandi, byggt á upplýsingum og greiningum og eftir aðferðafræðum markaðsfræðinnar. Þá er einnig megin markmið verkefnisins að fá ferðamenn til að ferðast lengra, dvelja lengur og skilja meiri tekjur eftir sig á svæðinu.

Þá sótti Markaðsstofan um styrk til Ferðamálastofu fyrir kostnaði við verkefnastjórn verkefnisins þar sem oft hefur verið rætt um að fjármagn skorti oft til að standa undir kostnaði við umsýslu og utanumhald slíkra verkefna.

Umsóknin um áhersluverkefni Sóknaráætlunnar hefur verið samþykkt og er beðið nánri upplýsinga er varða næstu skref.

Umsókn um styrk til verkefnastjórnar hefur verið hafnað á þeim forsendum að einungis Ferðamálasamtök Suðurlands geti sótt um styrk fyrir slíkt verkefni.

## Útgáfa

Nýtt landshlutakort

Í sumar gaf Markaðsstofan út nýtt landshlutakort fyrir Suðurland. Að þessu sinni var ákveðið að gefa það út í nýju broti.

Um er að ræða svokallað harmonikkubrot. Gefur það möguleika á að nota kortið að hluta og/eða í heild. Aftan á kortinu eru svo bæði öryggisupplýsingar til ferðamanna sem og upplýsingar um áhugaverða staði á Suðurlandi.

Útgáfa kortsins er eingöngu fjármögnuð með auglýsingatekjum.

Kortinu er dreift markvisst á upplýsingamiðstöðvar á landinu og er hægt að nálgast það þar.

Sjá kortið einnig [hér](#).



Landshlutabæklingur

Sumarið hefur verið nýtt við gagnaöflun og vinnslu Landshlutabæklingsins. Verður hann gefinn út með svipuðu sniði og vanalega, með áherslu á að fækka blaðsíðum til að standa undir nafni sem bæklingur, en ekki bók. Því var ákveðið m.a. að stytta texta og gera upplýsingarnar hnitmiðaðri. Hefur sú vinna gengið vel og stendur til að gefa hann út í byrjun september í tengslum við VestNorden.

## Samningar við Ferðamálastofu

Fundir og önnur vinna vegna lausra samninga við Ferðamálastofu hefur verið umtalsverð á tímabilinu. Enn er unnið að því að finna ákjósanlegan farveg fyrir það fjármagn sem svæðið fær úthlutað til þessa málaflokks og mun halda áfram, líklega út þetta ár.

## Aðildargjöld og innheimtan

Innheimta aðildargjalda fór fram í sumar, í fyrsta skipti samkvæmt nýrri gjaldskrá. Þó nokkur vinna fór í að koma nýju flokkunarkerfi á ásamt innheimtu. Í heildina hefur það gengið vel og hefur ný gjaldskrá mælst ágætlega vel fyrir hjá aðildarfyrirtækjunum.

## VestNorden

Markaðsstofan kom að skipulagningu á Post tour í tengslum við Vest Norden í Færeyjum í september í samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness og Höfuðborgarstofu. Um var að ræða þriggja daga skemmtilega ferð með fjölbreytni í afþreyingu, mat og gistingu. Aflýsa þurfti ferðinni þar sem ekki náðist næg þátttaka í hana, m.a. sökum skorts á flugsætum til landsins að lokinni sýningu.

## Heimasíðan [www.south.is](http://www.south.is)

Áfram hefur verið unnið að heimasíðunni. Í vinnslu er síða sem heldur utan um þær umfjallanir sem Markaðsstofan hefur komið að og hafa verið birtar um landshlutann. Þá hafa verið í skoðun viðbætur við síðuna að forskrift síðu Markaðsstofu Vesturlands, þar sem mismunandi hringir og mögulegar ferðir eru birtar á sérstöku korti.

Þá hefur slóðinni [www.markadsstofa.is](http://www.markadsstofa.is) verið beint á markaðsstofu hluta síðunnar [www.south.is](http://www.south.is). Þá hefur síðan [www.winterwonderland.is](http://www.winterwonderland.is) verið lögð niður og efni hennar nýtt á sömu síðu, [www.south.is](http://www.south.is). Er þetta liður í að einfalda rekstur og utanumhald netsíðnanna ásamt því að spara kostnað.



## Önnur verkefni / fundir

Starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands hafa unnið að öðrum verkefnum sem og sótt ýmsa fundi og ráðstefnur á tímabilinu.

Markaðsstofur landshlutanna fengu kynningu á drögum um nýja Ferðamálastefnu á tímabilinu. Þessi nýja stefna hefur þó ekki verið gefin út formlega, en gefur góða von um framhaldið í vinnu við utanumhald og stefnu málaflokksins í heild sinni.

Þá hefur Markaðsstofan sótt fund á tímabilinu m.a. með fulltrúum Árborgar um nýja ferðamálastefnu þeirra.


Þá hafa Markaðsstofurnar fundað með fulltrúum Ferðamálastofu og Isavia á tímabilinu er varðar móttöku og upplýsingagjöf til ferðamanna í Leifsstöð. Eru nú lausnir uppá borðinu þar sem Markaðsstofurnar koma að málum, bæði með útgáfu sameiginlegs kynningarefnis sem og rafrænnar útgáfu af Landshlutabæklingunum og heimasíðum landshlutanna. Mun sú vinna fara fram í haust og vera unnin í samvinnu allra þessara aðila.

## Framundan

Mikið er framundan hjá Markaðsstofunni, sem endranær. Þar má helst nefna:

- **Útgáfa Landhlutabæklingsins** – útgefinn fyrir VestNorden í september
- **Suðurlandsblaðauki** með tímaritinu Atlantica/Iceland Review um kynningu á Suðurlandi fyrir haust og vetrarmánuðina.
- **Uppskeruhátíð** - könnun meðal aðila á þeirra óskum um fyrirkomulag og hentugri tímasetningu.
- **Uppfærsla heimasíðu** – ásamt áframhaldandi vinnu við að betrubæta uppsetninguna og framsetningu efnis. Byggja upp síðu sem heldur utan um umfjallanir og skrif blaðamanna um landshlutann og MSS hefur komið að. Þá er áfram unnið að hugsanlegum viðbótum.
- **Fjölmíðlaferðir** – m.a. með Íslandsstofu í tengslum við framhaldið á #AskGudmundur herferðinni.
- **#AskGudmundur herferðin** með Íslandsstofu – ýmis verkefni sem tengjast herferðinni á Suðurlandi, tímasett í nóvember.
- **Lausir samningar** við 4 sveitarfélög – ósk um endurnýjun.
- **Kynning/kynningarefni** á ávinningi aðildar að MSS.
- **Súpufundir/þema fundir** í samstarfi við hvert svæði.
- **Vinna við markaðsgreiningu** áfangastaðarins Suðurlands.
- **MANNAMÓT 2016** – áframhaldandi undirbúningur og skipulagning.





Markaðsstofa  
Suðurlands ses.

Ársreikningur 2014

# Efnisyfirlit

---

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rækstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Félagið er sjálfseignarstofnun og var stofnað í desember 2008. Tilgangur stofnunarinnar er að efla markaðsstarf á Suðurlandi með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi og gjaldeyristekjur tengdri ferðþjónustu á Suðurlandi. Tilgangur stofnunarinnar er að efla samstarf atvinnulífsins, sveitarfélaga, ríkisvaldsins og stoðkerfisins með öflugum markaðsstarfi innanlands sem utan með það að markmiði að bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu eða atvinnustarfsemi á svæðinu. Tilgangur stofnunarinnar er því hvers konar markaðs- og kynningarstarf til að stuðla að því að byggð og fjölbreytt atvinnu- og búsetuskilyrði verði til staðar á landsvæðinu öllu.

Á árinu voru greiddar 12,9 millj. kr. í laun auk 3,6 millj. kr. í launatengd gjöld. Laun framkvæmdastjóra námu 7,5 millj. kr. á árinu en auk hans starfaði 1 starfsmaður hjá stofnuninni allt árið.

Tap varð á rekstri stofnunarinnar á árinu 2014 að fjárhæð 7.766.641 kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé stofnunarinnar var neikvætt í árslok um 3.777.926 kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 6.000.000, sem er framlag stofnenda félagsins og skiptist það þannig:

	Eignarhluti
Ferðamálasamtök Suðurlands .....	33,34%
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga .....	33,34%
Visit South Iceland ehf. ....	16,66%
Ferðamálafélag Austur Skaftafellsslýslu .....	16,66%

Stjórn Markaðsstofu Suðurlands ses. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Höfn 29. apríl 2015

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og stofnfjárhafa Markaðsstofu Suðurlands ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Markaðsstofu Suðurlands ses. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands ses gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2014, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 29. apríl 2015.

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur árið 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Seld þjónusta.....		9.887.699	9.870.966
Framlög og styrkir .....	3	<u>14.198.699</u>	<u>22.452.333</u>
		<u>24.086.398</u>	<u>32.323.299</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og annar starfsmannakostnaður.....	4	16.655.721	16.398.950
Annar rekstrarkostnaður.....	5	<u>15.190.751</u>	<u>16.242.082</u>
		<u>31.846.472</u>	<u>32.641.032</u>
<b>Rekstrar(tap).....</b>		( 7.760.074)	( 317.733)
Fjármunatekjur.....		42.225	97.200
Fjármagnsgjöld og verðbætur.....		( 48.792)	( 28.614)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals.....</b>		<u>( 6.567)</u>	<u>68.586</u>
<b>(Tap) ársins.....</b>		<u>( 7.766.641)</u>	<u>( 249.147)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Eignir</b>			
Viðskiptakröfur.....		1.088.825	1.400.290
Aðrar skammtímakröfur.....		8.444	238.765
Virðisaukaskattur.....		375.221	0
Handbært fé.....		0	3.547.647
Veltufjármunir samtals		<u>1.472.490</u>	<u>5.186.702</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.472.490</u>	<u>5.186.702</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnframlög.....		6.000.000	6.000.000
Ójafnað eigið fé.....		( 9.777.926)	( 2.011.285)
Eigið fé samtals	2	<u>( 3.777.926)</u>	<u>3.988.715</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....		601.723	460.691
Skuld við banka.....		3.281.503	0
Aðrar skammtímaskuldir.....		1.367.190	737.296
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.250.416</u>	<u>1.197.987</u>
Skuldir samtals		<u>5.250.416</u>	<u>1.197.987</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.472.490</u>	<u>5.186.702</u>



## Sjóðstreymisyfirlit árið 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Tap) ársins.....	2	( 7.766.641)	( 249.147)
Veltufé (til) rekstrar		( 7.766.641)	( 249.147)
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....		166.565	( 68.763)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		770.926	116.887
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		937.491	48.124
Handbært fé (til) rekstrar		( 6.829.150)	( 201.023)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skammtímalán, hækkun .....		3.281.503	0
Fjármögnunarhreyfingar		3.281.503	0
<b>Breyting á handbæru fé.....</b>		( 3.547.647)	( 201.023)
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>		3.547.647	3.748.670
<b>Handbært fé í lok ársins.....</b>		0	3.547.647

# Skýringar

## 1. Reikningskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningskilum og er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

## 2. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2014 .....	6.000.000	( 2.011.285)	3.988.715
Tap ársins.....	0	( 7.766.641)	( 7.766.641)
Staða 31.12.2014 .....	6.000.000	( 9.777.926)	( 3.777.926)

## 3. Framlög og styrkir:

	2014	2013
Ferðamálastofa.....	7.112.000	7.681.000
Sveitarfélög .....	7.786.699	7.401.333
Ferðamálasamtök Suðurlands .....	300.000	1.000.000
Ferðamálasamtök Suðurlands leiðrétting frá fyrra ári .....	( 1.000.000)	0
Aðrar stofnanir .....	0	1.370.000
Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi vegna Sóknaráætlunar .....	0	5.000.000
	14.198.699	22.452.333

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður:

Laun.....	12.936.772	12.883.499
Ókutækjastyrkur.....	861.242	768.714
Móttframlag í líffeyrissjóð.....	1.377.049	1.281.366
Tryggingagjald.....	1.151.791	1.148.398
Sjúkra- og orlofssjóður.....	256.151	284.025
Vátryggingar .....	46.800	0
Starfsmannakostnaður.....	25.916	32.948
	16.655.721	16.398.950

## 5. Annar rekstrarkostnaður:

Húsaleiga.....	768.656	720.000
Gjaldfærð áhöld og tæki og viðhald.....	8.907	235.436
Vátryggingar.....	52.296	70.647
Flutningskostnaður .....	38.546	161.758
Sími og burðargjöld.....	378.138	457.470
Vefsíða og internet.....	2.541.664	1.000.399
Pappír, prentun og ritföng.....	134.149	127.574
Landshlutabæklingar.....	4.573.123	4.070.350
Aðrir bæklingar.....	0	498.275
Sýningar og viðburðir.....	1.798.832	2.817.345
Sérfræðipjónusta.....	599.620	1.649.814
Bókhald og endurskoðun.....	1.357.956	1.474.415
Ferða, FAM- og fundakostnaður .....	1.391.312	1.153.075
Auglýsingar.....	1.108.342	1.265.171
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	0	300.000
Félagsgjöld .....	6.000	24.900
Húsbúnaður og innanstokksmunir.....	203.585	6.072
Þjónustugjöld.....	142.151	148.581
Álagt útvarpsgjald.....	19.400	18.800
Annar kostnaður.....	68.074	42.000
	15.190.751	16.242.082

## 6. Skattamál:

Þar sem tap varð á rekstri Markaðsstofunnar á árinu 2014 mun hún ekki greiða tekjuskatt á árinu 2015. Yfirfæranlegt skattalegt tap nemur 9.652.380 kr. Og er nýtanlegt sem hér segir:

Yfirfæranlegt skattalegt tap 2010 nýtanlegt til ársins 2020.....	1.435.945
Yfirfæranlegt skattalegt tap 2012 nýtanlegt til ársins 2022 .....	237.847
Yfirfæranlegt skattalegt tap 2013 nýtanlegt til ársins 2023 .....	229.747
Yfirfæranlegt skattalegt tap 2014 nýtanlegt til ársins 2024 .....	7.748.841
	9.652.380